



Minjastofnun Íslands, Suðurgötu 39, 101 Reykjavík

AFRIT

Reykjavík, 29. apríl 2013

Tilvisun: 3395

Páll V. Bjarnason
P ark teiknistofa ehf.
Kjörgarði, Laugavegi 59
101 Reykjavík

Erindi: Hverfisgata 23, Hafnarfirði, viðbygging og hækkun þaks.

Í tölvupósti 29. apríl 2013 leitar Páll V. Bjarnason álits Minjastofnunar Íslands vegna breytingar á þaki og viðbyggingar við húsið nr. 23 við Hverfisgötu, Hafnarfirði.

Hverfisgata 23 er bárujárnsklætt timburhús, hæð og portbyggt ris ofan á steinkjallara. Sk. Fasteignaskrá er það byggt árið 1920. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

Breytingin felst í því að hækka portveggi rishæðar um 91 cm, bæta við kvistum á fram- og bakhlíðar hússins og gera viðbyggingu við bakhlíð þess og norðurausturgafl. Viðbyggingin kemur að hluta til í stað núverandi forstofuviðbyggingar með skúrþaki, sem verður rífin.

Þær breytingar sem sótt er um virða stærðarhlutföll hússins og útfærsla þeirra er í góðu samræmi við upprunalegan byggingarstíl þess.

Ekki er gerð athugasemd við erindið.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Pétur H. Ármannsson
arkitekt

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	7.5.2013
Málsnr:	1304300
Bréfal:	521.1

Afrit:
Byggðasafn Hafnarfjarðar
Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar